

Orkubú Vestfjarða ohf.
Stakksnesi 1
400 Ísafjörður

Hafnarfjörður 29. maí 2019
Tilv. 2019-05-27-1092

Efni: Varðar efnistöku vegna framkvæmda við Mjólkárvírkjun

Í umsókn dagsettri 15. apríl síðastliðinn leitar Orkubú Vestfjarða ohf. heimild til til framkvæmda við Mjólkárvírkjun. Framkvæmdin mun fela í sér efnistöku (allt að 20.000 rúmmetra) og breytingu á vatnsrennsli við Hófsárveitu efri og Kattarvatn. Meðfylgjandi umsókninni eru breytingar á deiliskipulagi og aðalskipulagi vegna framkvæmdanna. Orkubú Vestfjarða sendi Skipulagsstofnun tilkynningu vegna matsskyldu þann 27.6. 2017 og í september sama ár tilkynnti stofnunin að framkvæmdirnar væru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Fyrir liggja tvö framkvæmdarleyfi vegna afmarkaðra hluta verkefnisins frá árinu 2017 og 2018. Fyrirhuguð framkvæmdaleyfisumsókn nær til þeirra þátta sem fjallað er um í deiliskipulagi og ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir. Umsókninni fylgja jafnframt skýrsla Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið. Veðiðhagsmunir á svæðinu eru litlir eða engir og ekki er starfandi veiðifélag vegna veiði í vötnum á áhrifasvæðinu.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„Hófsá rennur á landi sem tilheyrir Mjólkárvírkjun. Ekki er vitað til að skipuleg veiðinýting fari fram í Hófsá og engar skýrslur liggja fyrir um veiði í ánni. Heimildir eru til um að silungsveiði í Hófsá var talin til hlunninda fyrir Borg árið 18396 og einnig eru til heimildir um að oft hafi mikið verið af bleikju í Hófsá og einnig stöku lax, en engin veiði sé þar nú lengur. 21 Þéttleiki laxfiska hefur verið kannaður af og til síðastliðin ár. Lax kemur fyrir í ánni, í mjög lágum þéttleika en seiðaklak virðist ekki heppnast á hverju ári. Því er sennilega varla unnt að tala um að laxastofn sé til staðar í ánni, en þekkt er að lax getur verið fljótur að nema land í ám séu skilyrði fyrir hendi. Frá árinu 2001 hefur bleikjuveiði dregist saman í mörgum ám á Íslandi og í öllum landshlutum. 22 Fækkun bleikju má líklega tengja versnandi lífsskilyrðum og samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fisktegundum samfara hlýnandi veðurfari. Líklegt er að þessarar þróunar gæti einnig á Vestfjörðum þótt ekki séu til ábyggilegar tölur um veiði og stofnstærð laxfiska í ánum um vestanverða Vestfirði. Veiðar á bleikju hafa dregist saman í mörgum ám á Íslandi og í öllum landshlutum en hefur verið á uppleið árin 2016 og 2017. 23 Líklegt er að miklar sveiflur hafi almennt orðið á bleikjuveiði á Vestfjörðum í gegnum tíðina en bæði ástundun og skráning veiði er illa skráð víða í vestfirskum ám, en slík skráning verður ætíð undirstaða þess að unnt sé að meta slíkar sveiflur með raunhæfum hætti. Fiskirannsóknir á Grímsvatni sýna að þar er hvorki hornsíli né aðrar tegundir ferskvatnsfiska að finna. Afar líklegt að það sama eigi við um önnur vötn sem eiga afrennsli til Grímsvatns.

Ljóst er að lífmassi frum- og síðframleiðenda í Hófsá og Grímsvatni er ekki mikill. Fjölbreytileiki botnlægra hryggleysingja er fremur lítill, einkum í Grímsvatni. Hvað fiska varðar þá er ljóst að notkun á vötnunum þremur, Grímsvatni, vatni 626 og 632, til miðlunar mun ekki hafa áhrif á fisk enda virðast vötnin alveg fisklaus. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að komast í vatn 626 má ætla að lífríkið þar sé svipað því sem sást í vatni 632. Þar sem gert er ráð fyrir að samfara miðlun vatns muni langtíma rennsli til Hófsár skerðast um fjórðung gæti



FISKISTOFA

TRAUÐ · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Það leitt til að dragi úr þéttleika fiska vegna skertra búsvæða. En á það ber að líta að þéttleiki fiska í Hófsá mældist lágur og veiðinýting í ánni lítil eða engin og er því ekki gert ráð fyrir umtalsverðum áhrifum á göngur laxfiska í Hófsá.“

Að teknu tilliti til skýrslu Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fellst Fiskistofa á að Orkubú Vestfjarða ohf. ráðist í framkvæmdir í samræmi við umsókn. Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snýrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Fiskistofa bendir á að það er á ábyrgð framkvæmdaaðila að uppfylla lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum til þess að framkvæmdin geti farið fram. Heimildin gildir til 1. júní 2020.

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (17.200 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1185/2017. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Virðingarfyllst,

Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs